

Iceland

Upplýsingaöryggi



Vírin

18. tbl. 3. árgangur 2013

Kæri viðtakandi,

Hlekkir

[Upplýsingaöryggissíða Deloitte](#)

Tengiliðir

[Úlfar Andri Jónasson](#)

Kerfisfræðingur | ERS

ulfar@deloitte.is

+ 354 580 3322

[Rey LeClerc Sveinsson](#)

Liðstjóri | ERS

rey@deloitte.is

+ 354 580 3306

Áhættuþjónusta (ERS) er sérfræðihópur innan endurskoðunarsviðs Deloitte ehf. sem sérhæfir sig í innra eftirliti upplýsingakerfa, upplýsingaöryggi og endurskoðun upplýsingakerfa. Vírin er gefinn út á tveggja vikna fresti og ætlaður m.a. stjórnendum, kerfisstjórum og almennum notendum upplýsingakerfa.

Brotist inn á stefnumótasíðuna Cupid Media

Fyrr á árinu var brotist inn á stefnumótasíðuna Cupid Media og komið hefur í ljós að tölvuþrjótarnir náðu í lykilorð fyrir um 42.000.000 aðganga.

Brotist var inn á stefnumótasíðuna Cupid Media fyrr á þessu ári og hefur nú komið í ljós að tölvuþrjótunum hafi tekist að ná í upplýsingar (nafn, netfang og heimilisfang) ásamt lykilorðum fyrir um það bil 42 milljón aðganga. Einnig kom í ljós við rannsóknina að lykilorðið voru geymd í ódulrituðum texta (plain text) í gagnagrunni fyrirtækisins og sýnir það að passa verður að nota ekki sömu lykilorð á milli vefsíðna.

[Meira ▶](#)

Brotist inn á vefsvæði MacRumors

Vefsíðan MacRumors hefur tilkynnt að brotist hafi verið inn á vefsvæði

þeirra og skráum með dulrituðum lykilorðum um 860.000 notenda stolið.

Vefsíðan MacRumors hefur tilkynnt innbrot á vefsvæði sitt þar sem dulrituðum upplýsingum um lykilorð um 860.000 notenda hafi verið stolið. Eins og áður segir voru upplýsingarnar dulritaðar en yfirleitt er það bara tímaspursmál hvenær komist verður fram hjá dulrituninni en ekki hvort. Í þeim tilfellum þar sem að lykilorðaskrá er stolið hvort heldur dulrituðum eða ekki er öruggast að líta á það svo að lykilorðið sé orðið óöruggt og skipta strax.

Meira ▶

7 góðar öryggisvenjur

Í stað þess að einblína eingöngu á það sem hefur farið úrskeiðis undanfarið í öryggisheiminum höfum við ákveðið að setja inn nokkrar góðar venjur til að verða örlítið öruggari.

- Hafðu flókið lykilorð.
- Læstu tölvunni þegar staðið er upp frá henni.
- Afritaðu snjallsíma og spjaldtölvu.
- Dulritaðu USB kubba, flakkara og snjalltæki.
- Athugaðu á hvaða slóðir þú ert að fara að smella áður en smellt er.
- Hugsaðu áður en tengst er á opin þráðlaus net og mundu að ef umferðin er ekki dulrituð þá geta aðrir komist í gögnin þín.
- Ekki setja hvað sem er á samfélagsmiðla

Meira ▶

Endilega hafið samband við undirritaða (tengiliðir hér til hliðar) ef þið hafið spurningar eða frekari áhuga á efninu.

Viðtakendur eru hvattir til að áframsenda Vírinn á áhugasama

Kveðja,

Áhættuþjónusta Deloitte / Ritnefnd
Virinn@deloitte.is

Smáratorg 3
201 Kópavogur
Iceland

© 2013 Deloitte ehf.

Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see www.deloitte.com/about for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu Limited and its member firms.

 [Deloitte RSS feeds](#)

[Afskráning](#)